Á þeim tíma var herbergi eldri systur minnar skreytt plakötum af bandinu … 35

Kiri Te Kanawa dregur sig í hlé



Hætt Kiri Te Kanawa.

KIRI Te Kanawa, ein frægasta óperusöngkona allra tíma, hefur tilkynnt að hún ætli að hætta koma fram en ferill hennar spannar fjóra áratugi. Te Kanawa, sem er nú 65 ára, segist vera hætt, einfaldlega vegna þess álags sem fylgir bransanum. Síðustu tónleikar hennar munu fara fram í Óperuhúsinu í Köln í apríl 2010.

Hún segist þó ekki hætt að syngja, þó hún sé að yfirgefa sviðið, en hún ferðast mikið um, heldur fyrirlestra, kennir o.fl. Te Kanawa hefur dregið úr umsvifum sínum á óperusviðinu markmiðsbundið undanfarin ár og kom reyndar fram síðast fyrir fimm árum síðan, þá í Los Angeles.

Te Kanawa kom fyrst fram á sviði árið 1971, í Covent Garden, og söng þá í *Brúðkaupi Fígarós*. Tíu árum síðar fylgdust 600 milljónir manna með henni er hún söng við brúðkaup Karls og Díönu. Te Kanawa er fædd í Nýja Sjálandi og er hálfur Maóri. Hún er mikil veiðimanneskja og hefur komið nokkrum sinnum hingað til lands til að sinna því áhugamáli sínu. Hún er þá í góðu vinfengi við Einar Bárðarson, en hann skipulagði tónleika hennar hér á landi árið 2003 og vann fyrir hana um skeið í Evrópu.



Svalur Twitter-fuglinn í óperuna!

„Hipp“ og „kúl“ ópera?

ENN af viðsjárverðum heimi óperunnar. Nú hafa stjórnendur Konunglegu bresku óperunnar farið af stað með nýstárlegt verkefni sem miðar að því að virkja sköpunkrafta hinnar sístækkandi Twitter-samskiptasíðu. Verður þetta fyrsta „netvædda ópera heims“ og munu notendur leggja til texta með því að nota í mesta lagi 140 stafi, líkt og lagt er upp með á síðunni.


„Þetta óperuhús er fólksins og nú gefst fullkomið færi á að sýna fram á að ekkert slær óperunni við þegar segja skal sögu á áhrifaríkan hátt,“ segir Alison Duthie, framkvæmdastýra verkefnisins.

Óperan verður svo flutt á Deloitte Ignite-hátíðinni í september og á þessi tilraun að slá á gagnrýnisraddir sem segja óperuna staðnað form, vafið í kóngulóarvef.

„Fólk dregur þessar ályktanir of oft og þetta er bara spurning um að brjóta þær á bak aftur og skafa helgislepjuna af,“ segir Duthie. Til að taka þátt er nóg að fara inn á www.twitter.com/youropera. Fyrsta senan er víst klár og segir af Vilhjálmi nokkrum sem hefur verið fangelsaður í turni – af fuglum nema hvað.

Bókmenntir

Hrafnkell Freysgoði á ferðalagi



Ný útgáfa.

„ÞETTA er tilraun, þetta er fyrsta bókin sem gefin er út hér á landi sem tengir saman Íslendingasögurnar við útivist,“ sagði Erling Erlingsson, framkvæmdastjóri Ferðakorta, um nýja útgáfu af Hrafnkels sögu Freysgoða þar sem jafnframt er lýsing á gönguleiðum á slóðum sögunnar. Bókin er í kortabroti og er hugsuð sem ferðafélagi á göngu með upplýsingum sem auðvelda ferðalagið. Ítarefni er eftir Dagnýju Indriðadóttur og bókin er myndskreytt af Pétri Behrens. Félag áhugamanna um söguslóðir Hrafnkels sögu og sögutengda ferðaþjónustu á Héraði kom einnig að útgáfunni.

Tónlist

Sumarsöngvar Sveins Dúu




Sveinn Dúa

HINN ungi tenór, Sveinn Dúa Hjörleifsson, heldur í kvöld tónleika í Söngskóla Sigurðar Demetz klukkan 20:00 með Gerrit Schuil á pínóinu. Sveinn Dúa þykir efnilegur tenórsöngvari en hann stundar nám við óperudeild Tónlistarháskóla Vínarborgar. Hann syngur reglulega með karlakór Reykjavíkur og á nýju plötunni, Áfram veginn, syngur hann titillagið. Á tónleikunum í kvöld verða flutt íslensk sönglög: Gígjan og Draumaland Sigfúsar Einarssonar, svo einhver séu nefnd. Einnig munu þeir spreyta sig á óperuaríum eftir Mozart og Puccini auk þýskra ljóðalaga eftir R. Strauss, Beethoven og Schubert.

Myndlist

Djass í íslenskri myndlist



Miles Davis Doll

Í TILEFNI tuttugustu Jazzhátíðar Reykjavíkur sem hefst í dag verður myndlistarsýningin „Jazzóður – jazz í íslenskri myndlist“ á Kjarvalsstöðum. Þar verða sýnd myndverk íslenskra listamanna sem tengjast djassinum. Af þeirri sýningu að dæma er nokkuð ljóst að djassmúsík hefur veitt mörgum myndlistarmanninum innblástur. Á Kjarvalsstöðum verða jafnframt haldnir nokkrir af tónleikum hátíðarinnar. Prentað hefur verið af þessu tilefni sérstakt hátíðarplakat með mynd Errós – Miles Davis Doll – frá 2007. Sýningin stendur jafnlengi og Jazzhátíð Reykjavíkur eða til 1. september.



Morgunblaðið/Heiddi

Menningarnótt Myndlist, skylmingar, leikir, tónlist, matur, göngutúrar og arkitektúr; dagskrá menningarnætur verður að vanda fjölbreytt og litrík.

Kristallast í faðmlaginu

● Menningarnótt verður haldin annan laugardag

● Húsin í bænum er þemað í ár með ótal viðburðum

● Á menningarnott.is má búa til sína eigin dagskrá



Eftir Bergþóru Jónsdóttur
begga@mbl.is

HVERNIG í ósköpunum á maður eiginlega að fara að því að velja? Menningarnótt, sem haldin verður í 14. sinn laugardaginn 22. ágúst, verður sneisafull af forvitnilegum uppákomum. Dans, gönguferðir, sirkus, tónleikar, upplestur, safnainnlit, leiklist, markaðir, gjörningar, handverk, matur og drykkur, ljósmyndir, hönnun … þetta og ótalmargt fleira er það sem boðið verður upp á.

Sumir leggja af stað út í óvissuna í vissu þess að alls lags óvænta viðburði mun reka á fjörur þeirra. Fyrir hina er ráðlegast að hefja ferðina á vef menningarnætur, menningarnott.is, þar sem ekki einasta er hægt að skoða dagskrárliði eftir flokkum og eftir tímaröð, heldur einnig hægt að útbúa sína litlu prívat-dagskrá og prenta út, með þeim viðburðum sem viðkomandi vill upplifa.

Snilldin í einfaldleikanum

„Oftar en ekki er það þetta einfalda sem er svo snjallt og sniðugt,“ segir Skúli Gautason verkefnisstjóri Menningarnætur. „Ókeypis faðmlög eru viðburður sem hljómar einfaldur, en hefur þó veist mörgum ótrúlega erfiður í framkvæmd, en jafnframt gríðarleg upplifun þegar menn hafa stigið það skref að faðma einhvern ókunnugan. Mér hefur fundist andi Menningarnætur kristallast í þessum viðburði,“ segir verkefnisstjórinn.

Húsin í bænum er yfirskrift Menningarnætur í ár og margir viðburðanna hverfast um það þema.

Bragginn hennar Möggu og glerhöllin við Höfðatorg standa að líkindum hvort á sínum pólnum þegar saga húsanna í bænum er skoðuð.

Myndverk um Möggu lifnar við á Lækjartorgi og áhorfendur hverfa 70 ár aftur í tímann. Turn Höfðatorgsins verður opinn og dagskrá verður í Grjótaþorpi, þar sem elstu íbúðarhús borgarinnar eru. Birna Þórðardóttir gengur með þeim sem vilja slást í för niður Skólavörðuholt og segir sögur. Meðal húsa, sem opin verða almenningi, eru Stjórnarráðið, MR og Höfði.

Íbúar á timburhúsareitnum sem markast af Grettisgötu, Laugavegi, Frakkastíg og Vitastíg hafa tekið sig saman um að sýna sögu húsa sinna. „Við höfum sameinast um að taka viðtöl við burtflutta íbúa, og saga húsanna og íbúanna mun hljóma út um glugga húsanna á Menningarnótt. Við vinnum þetta í samvinnu við Miðstöð munnlegrar sögu, og fulltrúar þeirra verða við Grettisgötu 35b og safna fleiri viðtölum við fólk um húsin þeirra og mannlífið,“ segir Hlín Gunnarsdóttir, íbúi á timburhúsareitnum.

Í Kron á Laugavegi verður opnuð sýning kl. 10 undir yfirskriftinni: Á bak við Reykjavík. Þar verða sýndar ljósmyndir af þeim krókum og kimum borgarinnar, sem sjaldnast ber fyrir augu.

Í tilefni af djasshátíð ómar djass um allan bæ, og þeir sem vilja syngja saman geta gert það: „Tíu kórar syngja sitt prógramm, og svo snýr stjórnandinn sér við og stjórnar fjöldasöng. Það verða ættjarðarlög, dægurlög, allt mögulegt sem fólk langar að syngja,“ segir Garðar Cortes um dagskrá við Söngskólann.

Og svo eru það mótorhjólagæjarnir sem styrkja langveik börn með því að bjóða fólki að rúnta með sér um bæinn: „Í fyrra fór einn með okkur rúmlega áttræður og var að setjast á hjól í fyrsta sinn,“ segir Þórður Magnússon í Chapter Iceland, félagi Harley Davidson-eigenda á Íslandi. Á Óðinstorgi stendur svo Edda Heiðrún Backman leikkona fyrir menningardagskrá til styrktar Grensásdeild Landspítalans.

Valhalla Bank gerir vel við viðskiptavini sína

Í fyrra hóf Menningarnótt samstarf við Landsbankann um úthlutun styrkja úr Menningarnæturpotti Landsbankans. Styrkurinn er hvatningarstyrkur og leið til að veita frumlegum og sérstökum hugmyndum brautargengi á Menningarnótt. Styrk í ár hljóta: Samband íslenskra framhaldsskólanema sem verður með dagskrá við útitaflið; Þóra Andrésdóttir, sem stendur fyrir garðtónleikum, höggmyndasýningu og vöfflukaffi; Helgi Steinar Helgason fyrir hugmyndasmiðju og sýninguna Rýmin í bænum í Ziemsen-húsinu í Grófinni; Kaffi Hljómalind sem heiðrar minningu Kristínar Dalhstedt sem rak Fjallkonuna, fyrsta kaffihúsið í Reykjavík; Ragnar Freyr Pálsson fyrir sýninguna Á bak við Reykjavík; Páll V. Bjarnason sem stendur fyrir leiðsögugöngu um Kvosina með áherslu á sögu Reykjavíkur og byggingarlist; Jazzhátíð sem spilar vítt um bæinn; Íslenskir slagverktakar, sem spila á hús borgarinnar, og Valhalla Bank, sem opnar nýtt útibú í Reykjavík. „Við opnuðum bankann í verslunarmiðstöð á Glerártorgi í vetur,“ segir Aðalbjörg Árnadóttir. „Nú ætlar bankinn að stækka við sig í verslunarmiðstöð í Reykjavík. Þeir sem vilja vera viðstaddir opnunarhátíðina þurfa að skrá sig á vef Menningarnætur, og við sækjum þá. Þessi banki gerir vel við fólk. Það verða blöðrur, kampavín og fegurðardrottningar!“